


Áætlað er að árið 2023 flytji Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum alla starfsemi sína í Hús íslenskunnar sem verið er að reisa á Háskólasvæðinu. Þar mun einnig fara fram kennsla og rannsóknir á vegum Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands. Í húsinu verður handritasýning, aðstaða fyrir fræðimenn og nemendur auk rannsóknarbókasafns og veitingaástöðu.



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu | 102 Reykjavík  
sími 525 4010 | [arnastofnun@arnastofnun.is](mailto:arnastofnun@arnastofnun.is)  
[www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)



## ÍSLENSKA Í ALÞJÓÐLEGU SAMHENGNI



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er alþjóðleg miðstöð íslenskra fræða. Stofnunin styður við kennslu í íslensku við háskóla erlendis samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, úthlutar styrkjum til erlendra stúdenta í íslensku og stendur fyrir námskeiðum í íslensku sem öðru máli og um íslenskt mál og menningu. Á stofnuninni er stutt við fjölþjóðlegt samfélag fræðimanna, stúdenta og þýðenda sem vinna að íslenskum fræðum.




Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru varðveitt frumgögn um íslenska menningu. Þar á meðal:

- bréf og skrár um örnefni
- heimildir um orð og orðanotkun
- ítarleg stafræn orðasöfn
- hljóðritað þjóðfræðaeefni
- skjöl og fornbréf
- handritasafn Árna Magnússonar.

Gögn stofnunarinnar eru notuð til rannsókna af stórum hópi fræðimanna, innanlands og erlendis. Þau eru einnig nýtt til nýsköpunar á sviði menningarmiðlunar, lista, menningartengdrar ferðaþjónustu og upplýsingatækni svo að fátt eitt sé nefnt.

Frumgögn stofnunarinnar eru að miklu leyti aðgengileg á:

- [arnastofnun.is](http://arnastofnun.is)
- [málið.is](http://málið.is)
- [handrit.is](http://handrit.is)
- [ismus.is](http://ismus.is)




Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er sjálfstætt starfandi háskólastofnun.

Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum svo sem:

- handrita- og textafræði
- miðaldafræði
- bókmenntafræði
- sagnfræði
- þjóðfræði
- málfræði
- máltileinkun
- nafnfræði
- orðabókafræði
- íðorðafræði
- máltækni
- málræktarfræði

Hlutverk Árnastofnunar er enn fremur að miðla þekkingu á fræðasviðum sínum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin.


Viðamesta safnið er handritasafn Árna Magnússonar sem er á varðveisluskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, Minni heimsins (Memory of the World Register). Í handritum safnsins má finna ómetanlegar heimildir um sögu og menningu Evrópu á miðöldum og um landnám manna við Norður-Atlantshaf.



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR  
í íslenskum fræðum



## MÁLTÆKNI



Árnastofnun annast hagnýt og fræðileg verkefni á sviði máltækni með það að leiðarljósi að styðja við málrannsóknir, gerð orðabóka og að efla þróun máltæknitóla. Afrakstur slíkra verkefna nýtist bæði innan og utan stofnunar. Stofnunin er leiðandi aðili í landshópi Íslands í CLARIN (Common Language Resources and Technology Infrastructure), evrópsku samstarfsverkefni um rannsóknarinnviði.

## ORÐAFORÐI



Á stofnuninni er unnið að fræðilegum og hagnýtum verkefnum sem tengjast íslenskum orðum og orðaforða og þar eru stundaðar samtímalegar og sögulegar rannsóknir á íslensku máli. Söfn Orðabókar Háskólans eru varðveitt hjá stofnuninni sem er miðstöð fyrir fræðilega og hagnýta orðabókfræði og er í forystu um nýjungar í orðabókagerð. Unnið er að gerð nýrra rafrænna orðabóka og orðasafna um íslensku og endurgerð gamla orðabóka. Opinn aðgangur tryggir að traustar upplýsingar séu aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda.

## NAFNFRÆÐI



Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á Íslandi. Þar eru stundaðar rannsóknir í nafnfræði og unnið að margvíslegum verkefnum sem tengjast nöfnum af ýmsu tagi. Stofnunin sinnir opinberum verkefnum á sviði örnefnamála í samstarfi við Landmælingar Íslands og Þjóðskrár Íslands. Stofnunin er skrifstofa örnefnanevndar. Einnig er veitt ráðgjöf í nafnamálum, svo sem um mannanöfn og ný örnefni.

## HANDRIT



Árnastofnun er leiðandi í handritarannsóknum á Íslandi. Um 2000 handrit í vörslu stofnunarinnar koma víða að en langstærsti hluti þeirra er úr handritasafni Árna Magnússonar, mikilvirkasta handritasafnara landsins fyrr og síðar. Elstu handritin eru frá 12. öld en þau yngstu frá upphafi 20. aldar. Handrit með eddukvæðum og Íslendingasögnum eru talin geyma eitt merkasta framlag norrænna þjóða til heimbókmenntanna.

## MÁLRAEKT



Málrækt er sinnt með málfarsráðgjöf og útgáfu leiðbeininga fyrir almenning og fræðimenn. Sérhæfð orðasöfn eru einnig á könnu Árnastofnunar sem starfrækir Íðorðabanka með á sjöunda tug orðasafna. Stofnunin kynsir og gefur söfnin út í samvinnu við orðanefndir. Nýyrðavefur tekur á móti tillögum frá almenningi um ný orð. Stofnunin er skrifstofa Íslenskrar málnefndar og Málnefndar um íslenskt tákmal.

## ÞJÓÐFRÆÐI



Árnastofnun varðveitir þjóðfræðisafn en í því er hljóðritað efni sem safnað hefur verið úr munnlegri geymd. Unnið er að rannsóknum á efni safnsins. Jafnframt er leitast við að efla þjóðfræðisafnið með efnisöflun og skráningu. Úrvali úr safninu er miðlað til almennings með margvíslegri útgáfu.